

Truenorth Nordic ehf Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2023
UST202311-014/B.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf, dagsett 1. nóvember 2023, um leyfi til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatöku og uppsetningu 80 fermetra leikmyndar við norðurenda Kleifarvatns innan Reykjanesfólkvangs. Kort sem sýnir tökustað fylgdi með umsókn. Áætlað er að undirbúningur fyrir tökurnar myndi hefjast 6. desember 2023, tókur færu fram 15. desember 2023 og frágangi á svæðinu lyki 17. desember 2023. Vegna uppsetningar á leikmynd yrðu settar upp rúmlega 20 pönnukökur (steyptir dvergar sem væru 1000x1000x200 mm, um 300 kg hver) sem undirstöður. Ofan á þær kæmi leikmyndin. Pönnukökurnar yrðu settar ofan á mölina sem fyrir er á svæðinu. Ekki þarf að grafa fyrir þeim. Að tókunum kæmu 10 manns við uppsetningu og niðurrif en 35 við tökurnar sjálfar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð á áhrif á nátturufar og verndaragildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfis. Um er að ræða afturkræfa framkvæmd og mun leikmyndin ekki vera lengi á svæðinu. Gestir svæðisins geta orðið fyrir einhverjum áhrifum þar sem verið er að breyta ásýnd svæðisins tímabundið við alfararleið. Umhverfisstofnun telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum á aðra gesti svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfis.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og uppsetningu leikmyndar innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan 6.-17. desember 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og **kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.**
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Takmarka skal þann tíma sem leikmyndin er á svæðinu.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óparfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandaskal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna uppsetningu leikmyndar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur